

Selfossi 24.4.2019

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Skógræktarinnar um 775. mál frá nefndasviði Alþingis um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.).**

Með tölvupósti dags. 12. apríl sl. fékk Skógræktin til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 775. mál. Þess var farið á leit að umsögn bærist nefndasviði Alþingis á rafrænu formi eigi síðar en 26. maí 2019.

Skógræktin fagnar áherslum í frumvarpinu varðandi áhrif framkvæmda á loftslagsáhrif.

Skógræktin leggur til að í 7. gr. a. verði sú breyting að ráðherra verði heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar að ákveða að ákveðnar framkvæmdir er tengjast aðgerðum í þágu loftslagsmála, s.s. endurheimt birkiskóga og nýræktun loftslagsskóga á stórum svæðum í eigu ríkis eða einkaaðila verði undanþegnar mati á umhverfisáhrifum.

Loftslagsbreytingar eru alvarlegasta ógn við mannkynið og afar brýnt að mögulegt sé að hrinda aðgerðum í þágu loftslagsmála sem allra fyrst af stað. Nýskógrækt og endurheimt birkiskóga og kjarrlendis eru verkefni sem bæði hafa þau áhrif að losun koltvísýrings úr rofnu landi minnkar sem og að binding í lífmassa trjáa og jarðvegi hefst strax á fyrsta ári. Er nýskógrækt sú lausn sem sérfræðingar á þessu sviði hafa bent á sem eina þá mikilvægustu í baráttunni við loftslagsvandann. Loftslagsmál eru eitt af helstu áherslumálum ríkisstjórnarinnar sbr. stefnuýfirlýsingu hennar þar sem stefnt er að kolefnishlutleysi landsins árið 2040. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum inniheldur skýra áætlun um átak í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki og markvisst verður dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

Mikilvægt er að horft sé til þess að einfalda eins og kostur er leyfisveitingar til mikilvægra verkefna er stuðla að kolefnisbindingu á svæðum þar sem landrymi er nægt og almenn sátt er um að vinna að slíkum verkefnum.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar



Hreinn Óskarsson